

Grindavíkurbær
Atli Geir Júlíusson
Víkurbraut 62
240 Grindavík

Reykjavík, 15. desember 2021
UST202112-029/A.B.
10.04.00

Efni: Framkvæmdarleyfi vegna haugsetningar– Stækkun á æfingasvæði Golfklúbbs Grindavíkur.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grindavíkurbæjar er barst 4. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmd Golfklúbbs Grindavíkur og Grindavíkurbæjar vegna færslu og stækkun á æfingasvæði golfklúbbsins við Húsatóftir í Grindavík.

Í erindinu kemur fram að áformað er að móta og byggja upp nýtt æfingasvæði með 20.000 m³ efni úr framkvæmdum innan Grindavíkurbæjar, einkum gatnagerð. Jarðveginum verður ekið að svæðinu og honum dreift yfir hraunið með jarðýtu sem ávallt stendur ofan á fyllingunn. Auk þess kemur fram að æfingasvæðið er um 39.300 m² að stærð.

Hraun

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdasvæðið er á dyngjuhrauni, um 13.600 ára gamalt sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61.gr. laga um náttúruvernd. Hraunið er sandorpið og raskað að hluta og hefur því ekki hátt verndargildi. Stærsti hluti sveitarfélagsins er eldhraun á nútíma n.t.t forsögulegt hraun sem nýtur verndar skv. a. lið 2.mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að þó svo að hraunið sé sandorpið að hluta geta verið jarðmyndanir (hraunhólar í greinargerð) innan hraunasvæðisins sem hafa hátt verndargildi og mikilvægt sé að vernda. Auk þess er mikilvægt að við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana, s.s. gíga, hrauntraða og hraunfláka.

Umhverfisstofnun leggur áherslu að það komu fram í framkvæmdaleyfi hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask á hrauni með verndargildi sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið

af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllst

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur